

## Fundargerð 130. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 24. janúar 2019 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Kristmundur Skarphéðinsson, Agnar Ólason, Þorsteinn Hjálmarsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Guðni Þór Elisson, Andrés Bjarnason og Brynjólfur Árnason.

Fjarverandi: Svanur Gunnsteinsson og Símon Guðvarður Jónsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr.129.
2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM.
3. Orlofsmál.
4. Lagabreytingar.
5. Félagsfundir um jól.
6. Húsnæðismál.
7. Önnur mál.

### 1. Frágangur á fundargerðum stjórnarfunda VM nr. 129

Formaður setti fundinn og lagði fram fundargerð síðast fundar sem var samþykkt með undirritun.

### 2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála

Formaður fór yfir stöðuna í kjaramálum. Mikið hefur verið fundað með lðnaðarsamfélaginu og SA, um 20, þ.e. iðnaðarsamfélagið um 11 fundi og restin með SA, viðræður ganga hægt. Einnig er búið að funda með viðræðunefndinni og stóru samninganefndinni. Mest hefur verið rætt um breytingar í átt að hinum norðurlöndunum. Ef það á að vera hægt þá þarf ríkið að koma að varðandi velferðakerfi, vaxtakerfi, húsnæðismál og fleira. Það sem við höfum verið að tala um við ASÍ er að minnka yfirvinnu og þá er rætt um virkan vinnutíma og sveigjanlegan vinnutíma en til að þetta sé hægt þarf að hækka dagvinnukaup verulega. Það eru viss vonbrigði að öll félögin skyldu ekki getað staðið saman og samstaðan innan ASÍ er ekki nógu góð. Það náðist þó að samþykkja skattabreytingar sem nú er verið að birta í blöðunum, þær tillögur sem fóru frá ASÍ voru mjög rúmar. Næsti fundur með SA er á morgun.

Formaður fór yfir fundargerð um fundina í kringum jól og áramót.

Tveir fundir eru búnir að vera með ráðherrum, annars vegar hittum við dómsmálaráðherra vegna umræðu um stýrimenn hjá Landhelgissæslunni, hins vegar var það samgönguráðherra vegna Herjólfis. Vegagerðin er að óska eftir fráviki frá mönnum, gert ráð fyrir því af hönnuði skiptisins að það sé bara einn vélstjóri. Alþjóðleg lög segja að alltaf þurfi að vera tveir. Óskuðum eftir faglegri ummæðu um þetta, ekki bara hugsað um að spara.

Fundur var með öllum sjómannafélögum, bókanir um stærðarflokka skipa, þegar þau breytast úr rúmmetrum í metra þarf að það passi að þau passi inn í alla þá kjarasamninga sem þau eru nú þegar á.

### 3. Orlofsmál

Fjárhagsáætlun orlofssjóðs og verðskrá orlofshúsa var til umfjöllunar á fundi orlofsnefndar. Áætlunin er 4 milljónum yfir tekjum og skýrist það að mestu af frestunum á síðasta ári og framkvæmdum í Svignaskarði sem við verðum að taka þátt í en þar er verið að leggja hitaveitu í öll hús. Einnig var ákveðið að hækka ekki verðskrá sem hefur áhrif á niðurstöðu fjárhagsáætlunar. Fjárhagsáætlunin og verðskráin voru síðan samþykktar. Ákveðið var á fundi orlofsnefndar að fara í vinnu við frekari samanburð á rekstri orlofssjóða hjá öðrum félögum og bera saman við okkar. Í framhaldinu verður svo unnin 5 ára áætlun orlofssjóðs sem lögð verður fyrir aðalfund. Búið er að kaupa íbúð í Mánatúni og Skúlagatan er komin á sölu.

### 3. Lagabreytingar

Formaður kynnti tillögur að lagabreytingum sem laganefnd þarf að fjalla um fyrir aðalfundinn. Breyta þarf kosningalöggjöfinni þannig að við getum verið með það rafrænt alfarið, sem við erum í raun farin að gera en það þarf að laga lögina að því. Fyrirvari var svo langur þegar póstafréiðsla var í gangi en nú eru breyttar aðstæður. Nokkrar umræður urður og kom upp sú tillaga að sólahring fyrir aðalfund þá myndu allir sem voru í framboði fá tölvupóst með upplýsingum um hvernig gekk. Samþykkt var að láta laganefndina vinna þetta og skila fyrir næsta stjórnarfund. Formaður bað stjórnarmenn að renna yfir lögina og láta sig vita ef breyta þyrfti einhverju öðru. Formaður lagði einnig fram til upplýsinga breytingu á reglugerð sjúkrasjóðs sem lögð verður fyrir aðalfund.

### 4. Félagsfundir um jól

Var tekið með lið 2.

### 5. Húsnæðismál

Formaður sagði frá því að iðnaðarsamfélagið hefði komið að máli við sig varðandi húsnæðismál. Þeir erum með hugmyndir að samvinnu sem þeir telja að sé til hagsbóta fyrir félögin eins og t.d. innheimta félagsgjalda og svo eru þeir með mótuneyti sem allir gætu nýtt. Þeir buðu okkur húsnæðið sem pósturinn er í núna en búið er að byggja tengibyggingu á milli húsanna. Þeir eru jafnvel til í að skoða makaskipti á húsunum. Formaður óskaði eftir að fá að skoða þetta og fara í heildarúttekt á hvort hagstæðara sé fyrir okkur að skipta um húsnæði eða vera áfram hér.

### 6. Önnur mál.

- Formaður lagði fram minnisblað vegna lögfræðimála sem verið er að skoða.
- Formaður fór yfir nefndir félagsins. Skipa á í þessar nefndir (ráð) sem ekki er kosið í á aðalfundi. Verið að vinna í að hafa samband við menn og ath. hvort þeir gefa kost á sér áfram. Formaður óskaði eftir að fá að senda tilnefningar á stjórnarmenn svo það næðist að klára þetta í janúar og var það samþykkt.

- Formaður sagði frá því að afmælisgjafir janúar væru farnar út og að einn 80 ára félagsmaður hafi hringt og þakkað kærlega fyrir.
- Spurt var hvort að ASÍ hefði borgað eitthvað fyrir forsíðumyndina af Drífu á Tímariti VM. Formaður sagði að Sigurjón hefði tekið viðtal við allar þrjá forseta ASÍ og í framhaldinu var ákveðið að hafa Drífu á fosíðunni, við erum jú hluti af ASÍ.
- Talað var um frétt sem birtist í mogganum í sambandi við laun í orkugeiranum og stóriðju. Finns mönnum rétt að koma með þessa frétt í kjarasamningum? Formaður sagði að þetta hefði ekki verið frá okkur komið við birtum kjarakönnunina á heimasíðunni og þetta er unnið upp úr henni. Ekki alveg besta tímasetningin.
- Rætt var um fundargerðir VM. Þegar segir að menn hafi setið hjá er það þá nóg fyrir seinni tíma heimildir. Formaður sagði að menn yrðu að óska eftir að bókað yrði undir nafni að viðkomandi sitji hjá.

Fundi slitið 14:20